



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 29/2008 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í föstum almennum talsímanetum (markaðir 8-10)

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur með vísan til 17. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, ásamt síðari breytingum, greint heildsölumarkað fyrir upphaf símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 8), heildsölumarkað fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 9) og heildsölumarkað fyrir flutning símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 10). Með bréfi, dags. 31. mars 2008, voru drög að greiningu á ofangreindum mörkuðum send til fjarskiptafyrirtækja og þeim boðið að gera athugasemdir við markaðsgreininguna og niðurstöðurnar. Eftirfarandi aðilar sendu inn athugasemdir við frumdrögin: Samkeppniseftirlitið, Og fjarskipti ehf. (Vodafone) og Síminn hf.

Á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum stóð til að útnefna öll þau þrjú fyrirtæki sem ráku talsímakerfi sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk. Fjarskiptakerfi eins þeirra, þ.e. IP-fjarskipta ehf., var í apríl s.l. selt Vodafone. Þar sem talsímanetrekendum hafði fækkað í tvo og nýjar upplýsingar höfðu borist um markaðshlutdeild á heildsölumarkaði fyrir flutning símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 10) uppfærði PFS ofangreind ákvörðunardrög og sendi þau fjarskiptafyrirtækjum til aukasamráðs með bréfi, dags. 26. september 2008. Umsögn um endurskoðuð drög barst frá Símanum. Greining á mörkuðum 8-10 hefur nú verið uppfærð í samræmi við þær athugasemdir sem teknar voru til greina, auk þess sem öll tölfræði hefur verið uppfærð í samræmi við nýjustu tölur.

Með bréfi, dags. 31. október 2008, tilkynnti PFS formlega til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) drög að ákvörðun um markaði 8, 9 og 10, ásamt viðaukum, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og tilmæli skv. 7. gr. rammatilskipunarinnar¹. Þann 26. nóvember s.l. sendi PFS formlegar skýringar til ESA á afmörkuðu atriði sem varðaði útfærslu kvaðar um eftirlit með gjaldskrá Og fjarskipta ehf. (Vodafone) á markaði 9². Með bréfi, dags. 1. desember 2008, barst PFS álit ESA á framangreindum drögum. Í álitinu þessu kemur fram að ESA gerir engar efnislegar athugasemdir við greininguna eða þær kvaðir sem PFS leggur til vegna markaða 8, 9 og 10.

¹ Tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um tilkynningar, fresti og samráð sem kveðið er á um í 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og –þjónustu (nr. 193/04/COL), EES-viðbætur nr. 21, frá 27.4.2006 (íslensk útgáfa).

² Sjá viðauka D með ákvörðun þessari.

Í bréfi sínu rakti ESA feril umræddar markaðsgreiningar PFS, þá fresti og það samráð sem viðhaft var og gerði ekki athugasemdir við framkvæmdina. ESA tók það sérstaklega fram að þar sem tilkynning PFS um fyrirhugaða ákvörðun á ofangreindum mörkuðum hafi borist ESA fyrir birtingu nýrra tilmæla ESA um tilkynningar, fresti og samráð, frá 5. nóvember 2008³, gildi hin eldri tilmæli frá 2004 um framkvæmd ofangreindra markaðsgreininga og væri mat ESA byggt á hinum eldri tilmælum. ESA heimilaði því PFS að taka þá ákvörðun sem hér er til umfjöllunar.

Þá fagnaði ESA þeim fyrirætlunum PFS að láta framkvæma kostnaðargreiningar á starfsemi Símans á viðkomandi heildsölumörkuðum og mæltist til þess að PFS legði þær aðferðir sem ERG mælir með til grundvallar slíkum kostnaðargreiningum. ESA beindi einnig þeim tilmælum til PFS að upplýsa um framgang kostnaðargreininga á viðkomandi mörkuðum og minnti á að tilkynna þyrfti um fyrirhugaðar breytingar á álögðum kvöðum sem gætu orðið í kjölfar slíkrar kostnaðargreiningar.

Í bréfi ESA kom að lokum fram að ESA fagnaði því að PFS hygðist samræma lúkningarverð fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 9) með því að leggja á kvöð um eftirlit með gjaldskrá. ESA óskaði hins vegar eftir því að PFS færði frekari rök fyrir þeirri niðurstöðu sinni að veita Og fjarskiptum ehf. (Vodafone) fjögurra ára aðlögunartíma til að færa verð sín til samræmis við verð Símans hf. miðað við þær samkeppnisaðstæður sem ríkja á talsímamörkuðum á Íslandi⁴.

Uppfærða greiningu á mörkuðum 8-10 er að finna í viðauka A með bréfi þessu og athugasemdum sem bárust í báðum umferðum samráðs er svarað í viðauka B. Álit ESA er svo að finna í viðauka C og bréf PFS til ESA varðandi skýringar á kvöð um eftirlit með gjaldskrá Vodafone í viðauka D.

1. Útnefning fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk

Með hliðsjón af skilgreiningu og greiningu á samkeppni á heildsölumarkaði fyrir upphafi símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 8) og í samræmi við 2. mgr. 17. gr. sbr. 18. gr. fjarskiptalaga hefur PFS ákveðið að útnefna Símann hf. með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði.

³ EFTA Surveillance Authority Recommendation of 5 November 2008 on relevant product and service markets within the electronic communications sector susceptible to ex ante regulation in accordance with the Act referred to at point 5cl of Annex XI to the EEA Agreement (Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communication networks and services), as adapted by Protocol 1 thereto and by the sectoral adaptations contained in Annex XI to that Agreement. The Recommendation was adopted by Decision No 688/08/COL.

⁴ Umræddan rökstuðning er að finna í kafla 5.4 í ákvörðun þessari.

Með hliðsjón af skilgreiningu og greiningu á samkeppni á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 9) og í samræmi við 2. mgr. 17. gr. sbr. 18. gr. fjarskiptalaga hefur PFS ákveðið að útnefna Símann hf. og Og fjarskipti ehf. (Vodafone) með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði.

Með hliðsjón af skilgreiningu og greiningu á samkeppni á heildsölumarkaði fyrir flutning símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 10) og í samræmi við 2. mgr. 17. gr. sbr. 18. gr. fjarskiptalaga hefur PFS ákveðið að útnefna Símann hf. með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði.

2. Álagning kvaða á Símann hf. á markaði 8

Í samræmi við 27. gr. fjarskiptalaga hefur PFS ákveðið að leggja eftirfarandi kvaðir á Símann hf. vegna útnefningar fyrirtækisins með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir upphaf símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 8). Að mati PFS eru þessar kvaðir bæði í samræmi við þau markmið sem fram koma í ramma- og aðgangstilskipunum ESB og ákvæðum laga um fjarskipti og viðeigandi fyrir það tímabil sem gert er ráð fyrir að líði þar til viðkomandi markaður verður greindur aftur. PFS telur að kvaðirnar séu til þess fallnar að auka samkeppni á viðkomandi markaði. Varðandi nánari umfjöllun um kvaðirnar þá vísar PFS til uppfærðrar greiningar á markaði 8, sbr. viðauka A.

Eftirfarandi kvaðir koma í stað þeirra kvaða sem hvíldu á Símanum hf. á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða nr. II í lögum um fjarskipti nr. 81/2003. Þar kom fram að kvaðir varðandi aðgang og samtengingu talsímaneta giltu áfram þar til endurskoðun kvaða færi fram að lokinni markaðsgreiningu samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 81/2003.

2.1. Kvöð um að veita aðgang

Með heimild í 28. gr. fjarskiptalaga leggur PFS þá kvöð á Símann hf. að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um aðgang að fastasímaneti og þjónustu fyrir upphaf símtala á heildsölustigi. Símanum ber að ljúka samningum um upphaf símtala án óviðeigandi tafa til þess að draga úr líkum á að atriðum sé slegið vísvitandi á frest í tengslum við samtengibeiðnir. Símanum ber skylda til þess að skjala þann tíma sem samningaviðræður taka, framgang viðræðna og ástæður tafa ef einhverjar eru. Þessi gögn skal hafa fyrirbyggjandi gagnvart viðsemjanda og PFS verði um þau beiðni. Sé aðgengi hafnað skal Síminn veita umsækjanda skjalfesta og rökstudda höfnun á beiðni. Rökstuðningurinn verður að innihalda allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að meta grundvöll höfnunarinnar.

Ef Síminn hafnar eða svarar ekki innan 14 daga beiðni um aðgang þá skal félagið gefa umsækjandanum skriflega og rökstudda ástæðu fyrir höfnuninni eða töfinni. Gerð samtengisamninga um aðgang að fastasímaneti og um upphaf símtala í fastlínukerfi skal í öllum tilvikum vera lokið innan þriggja mánaða frá því að beiðni með tilskildum upplýsingum samkvæmt viðmiðunartilboði berst Símanum.

2.2. Kvöð um jafnræði

Með heimild í 30. gr. laga um fjarskipti leggur PFS kvöð á Símann hf. um jafnræði bæði hvað varðar verð og aðra þætti, bæði gagnvart ytri starfsemi og á milli innri starfsemi og ytri starfsemi. Miðlun upplýsinga frá viðkomandi deild skal vera með sambærilegum hætti til óskyldra aðila og til annarra deilda fyrirtækisins eða tengdra aðila. Meðferð upplýsinga sem Síminn öðlast við gerð samninga um upphaf skal vera í samræmi við 26. gr. fjarskiptalaga.

2.3. Kvöð um gagnsæi

Með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga leggur PFS kvöð á Símann hf. um gagnsæi og að útbúa og birta opinberlega viðmiðunartilboð, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun, verðskrá og bókhaldsupplýsingar fyrir upphaf símtala í fastlínukerfi. Viðmiðunartilboð um upphaf símtala má fella inn í sama tilboð og um aðgengi í formi lúknings símtala og flutningsþjónustu í fastlínukerfi, sbr. gildandi viðmiðunartilboð um samtengingu. Síminn skal birta nýtt viðmiðunartilboð innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar.

Það telst fullnægjandi birting að Síminn gefi út viðmiðunartilboð sitt á vefsetri sínu. Viðmiðunartilboðinu skal vera skipt í sjálfstæðar einingar með tilheyrandi skilmálum og skilyrðum, miðað við þarfir markaðarins þannig að gagnaðili neyðist ekki til að samþykkja kaup á þjónustu eða öðrum atriðum sem ekki er þörf fyrir. Viðmiðunartilboðið skal uppfæra eftir því sem þarf og það skal innihalda allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna þeirrar þjónustu sem í boði er. Útgefið viðmiðunartilboð skal að lágmarki innihalda upplýsingar um:

- samtengingarþjónustu sem boðin er,
- upphafsverð símtala,
- verðeiningar og þá þjónustu sem hver og ein verðeining nær til,
- alla afslætti og viðmið vegna afslátta,
- aðferðir til að reikna út tilboð sem ekki eru á föstu verði,
- samtengipunkta,
- landfræðilegt svæði þar sem þjónusta er veitt,
- allar umtalsverðar takmarkanir á afhendingu,
- öll tæknileg og eðlissræn einkenni, þar með taldir tengifletir sem notaðir eru á samtengipunktum, ásamt þeim stöðlum sem notaðir eru,
- gæðastig,
- umsjón viðskiptavina,
- þagnarskylda milli aðila, leynd gagna, áætlanir og persónuvernd,
- ábyrgðir og greiðsla,
- óviðráðanleg atvik og sérstakar aðstæður,
- öryggi og hleranir,
- samningstími og uppsögn samnings,
- meðferð ágreinings,

- skilmála um sanngjarnar bætur þegar ekki er hægt að veita umsamið gæðastig,
- aðrir almennir samningsbundnir skilmálar og skilyrði.

Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í þessum kafla skal viðmiðunartilboðið vera í samræmi við reglur um viðmiðunartilboð um samtengingu nr. 94/2002.

Ef viðmiðunartilboð Símans er ekki talið fullnægjandi fyrir markaðinn getur PFS mælt fyrir um breytingar á því í samræmi við 2. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga. Síminn má ekki krefja fjarskiptafyrirtæki um bankaábyrgðir nema með sérstöku leyfi PFS.

Til þess að auka traust á heildsöluverðum skal Síminn birta árlega bókhaldsupplýsingar opinberlega um afkomu heildsölu talsímaþjónustu síðast liðins árs í samvinnu við PFS.

Síminn skal tilkynna öðrum fjarskiptafyrirtækjum fyrir fram um breytingar á verði, eigi síðar en tveimur mánuðum áður en breytingarnar koma til framkvæmda. Síminn skal tilkynna um breytingar á samtengisvæðum og samtengipunktum með minnst sex mánaða fyrirvara. Síminn skal tilkynna um aðrar breytingar, fyrir utan verðbreytingar, með minnst þriggja mánaða fyrirvara.

Öllum fjarskiptafyrirtækjum sem gera samninga um samtengingu, þ.m.t. um upphaf símtala í fastanetum ber að senda PFS afrit af slíkum samningum án tafar og eigi síðar en viku eftir undirritun þeirra, sbr. 6. mgr. 24. gr. fjarskiptalaga.

Síminn er ennfremur skyldugur til þess að tilkynna PFS um allar breytingar á viðkomandi samningum eða viðmiðunartilboði. Breytingar á viðmiðunartilboði taka ekki gildi fyrr en þær hafa hlotið samþykki PFS. Í þeim upplýsingum sem gefnar eru þarf að koma skýrt fram hvar í samningum eða tilboði breytingar hafa verið gerðar og hvers eðlis þær eru.

2.4. Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað

Með heimild í 31. gr. fjarskiptalaga leggur PFS kvöð á Símann um bókhaldslegan aðskilnað. Slíkur aðskilnaður skal fela í sér, að lágmarki, að annars vegar heildsala og hins vegar smásala fastnetsímasviðs Símans séu bókhaldslega aðskilin frá öðrum rekstri. Heildsöluverð Símans og verð innan fyrirtækisins skal vera gagnsætt, m.a. til að koma í veg fyrir óréttmætar niðurgreiðslur. Reynist bókhaldslegur aðskilnaður Símans ekki fullnægjandi áskilur PFS sér rétt til að leggja síðar fram kröfur um frekari aðskilnað.

Síminn skal aðgreina í bókhaldi sínu tekjur, gjöld, fjármuni og fjármagn fyrir talsímanet sitt. Síminn skal afhenda PFS árlega sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir heildsölu og smásölu ásamt yfirliti yfir skiptingu á óbeinum kostnaði sem ekki er hægt að heimfæra með samanburði við aðra kostnaðarliði. Ofangreind yfirlit þurfa að hafa borist stofnuninni fyrir 1. apríl ár hvert fyrir síðastliðið ár.

2.5. Kvöð um eftirlit með gjaldskrá og kostnaðarbókhald

Með heimild í 32. gr. laga um fjarskipti leggur PFS kvöð á Símann um eftirlit með gjaldskrá og að bjóða upphaf símtala í fastlínukerfi á verði sem skal byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Síminn skal gera kostnaðarlíkan til útreikninga, eigi síðar en sex mánuðum eftir birtingu ákvörðunar, sem notar sögulegan kostnað til viðmiðunar fyrir gjaldskrá. PFS mun taka mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem rekin er á hagkvæman hátt í samræmi við heimild í fjarskiptalögum. PFS mun meta árlega út frá niðurstöðu kostnaðargreiningar hverju sinni og viðmiðun við verð í öðrum EES-ríkjum hvort hentugra er að styðjast við LRIC aðferð en að byggja á sögulegum kostnaði við ákvörðun gjaldskrár.

Með vísan til þess að samtengigjöld hafa lækkað í helstu viðmiðunarlöndum undanfarin ár meðan samtengigjöld Símans hafa staðið í stað hyggst PFS ekki heimila hækkanir á samtengigjöldum Símans miðað við óbreyttar aðstæður. Símanum er því óheimilt að innheimta hærri gjöld fyrir upphaf símtala en þau gjöld sem eru í núverandi gjaldskrá, þ.e.a.s. 0,68 kr. fyrir tengingu, 0,44 kr. á mínútu á dagtaxta og 0,26 kr. á mínútu á kvöld-, nætur- og helgartaxta. Að lokinni kostnaðargreiningu sbr. næstu málsgrein hér á undan mun PFS ákveða upphæð gjaldanna að nýju.

PFS leggur kvöð á Símann um kostnaðarbókhald fyrir upphaf símtala. Síminn skal eigi síðar en sex mánuðum eftir birtingu ákvörðunar um viðkomandi markað afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu varðandi upphaf símtala í fastaneti og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði. Síminn skal skila til PFS skýrslu frá óháðum endurskoðunaraðila um að samræmi sé milli lýsingar Símans til PFS hvernig kostnaði er skipt og úrfærslu í kostnaðarbókhaldskerfi Símans.

3. Álagning kvaða á Símann hf. á markaði 9

Í samræmi við 27. gr. fjarskiptalaga hefur PFS ákveðið að leggja eftirfarandi kvaðir á Símann hf. vegna útnefningar fyrirtækisins með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 9). Að mati PFS eru þessar kvaðir bæði í samræmi við þau markmið sem fram koma í ramma- og aðgangstilskipunum ESB og ákvæðum laga um fjarskipti og videigandi fyrir það tímabil sem gert er ráð fyrir að líði þar til viðkomandi markaður verður greindur aftur. PFS telur að kvaðirnar séu til þess fallnar að auka samkeppni á viðkomandi markaði. Varðandi nánari umfjöllun um kvaðirnar þá vísar PFS til uppfærðrar greiningar á markaði 9, sbr. viðauka A.

Eftirfarandi kvaðir koma í stað þeirra kvaða sem hvíldu á Símanum hf. á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða nr. II í lögum um fjarskipti nr. 81/2003. Þar kom fram að kvaðir varðandi aðgang og samtengingu talsímaneta giltu áfram þar til endurskoðun kvaða færi fram að lokinni markaðsgreiningu samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 81/2003.

3.1. Kvöð um að veita aðgang

Með heimild í 28. gr. fjarskiptalaga leggur PFS þá kvöð á Símann hf. að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um lúkningu í fastasímaneti og þjónustu fyrir lúkningu símtala á heildsölustigi. Símanum ber að ljúka samningum um lúkningu símtala án óviðeigandi tafa til þess að draga úr líkum á að atriðum sé slegið vísvitandi á frest í tengslum við samtengibeiðnir. Símanum ber skylda til þess að skjala þann tíma sem samningaviðræður taka, framgang viðræðna og ástæður tafa ef einhverjar eru. Þessi gögn skal hafa fyrirbyggjandi gagnvart viðsemjanda og PFS verði um þau beðið. Sé aðgengi hafnað skal Síminn veita umsækjanda skjalfesta og rökstudda höfnun á beiðni. Rökstuðningurinn verður að innihalda allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að meta grundvöll höfnunarinnar.

Ef Síminn hafnar eða svarar ekki innan 14 daga beiðni um lúkningu þá skal félagið gefa umsækjandanum skriflega og rökstudda ástæðu fyrir höfnuninni eða töfinni. Gerð samtengisamninga um lúkningu í fastasímaneti skal í öllum tilvikum vera lokið innan þriggja mánaða frá því að beiðni með tilskildum upplýsingum samkvæmt viðmiðunartilboði berst Símanum.

3.2. Kvöð um jafnræði

Með heimild í 30. gr. laga um fjarskipti leggur PFS kvöð á Símann hf. um jafnræði bæði hvað varðar verð og aðra þætti, bæði gagnvart ytri starfsemi og á milli innri starfsemi og ytri starfsemi. Miðlun upplýsinga frá viðkomandi deild skal vera með sambærilegum hætti til óskyldra aðila og til annarra deilda fyrirtækisins eða tengdra aðila. Meðferð upplýsinga sem Síminn öðlast við gerð samninga um lúkningu skal vera í samræmi við 26. gr. fjarskiptalaga.

3.3. Kvöð um gagnsæi

Með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga leggur PFS kvöð á Símann hf. um gagnsæi og að útbúa og birta opinberlega viðmiðunartilboð, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun, verðskrá og bókhaldsupplýsingar fyrir lúkningu símtala í fastlínukerfi. Viðmiðunartilboð um lúkningu símtala má fella inn í sama samning og um aðgengi í formi upphafs símtala og flutningsþjónustu í fastlínukerfi, sbr. gildandi viðmiðunartilboð um samtengingu. Síminn skal birta nýtt viðmiðunartilboð innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar.

Það telst fullnægjandi birting að Síminn gefi út viðmiðunartilboð sitt á vefsetri sínu. Viðmiðunartilboðinu skal vera skipt í sjálfstæðar einingar með tilheyrandi skilmálum og skilyrðum, miðað við þarfir markaðarins þannig að gagnaðili neyðist ekki til að samþykkja kaup á þjónustu eða öðrum atriðum sem ekki er þörf fyrir. Viðmiðunartilboðið skal uppfæra eftir því sem þarf og það skal innihalda allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna þeirrar þjónustu sem í boði er. Útgefið viðmiðunartilboð skal að lágmarki innihalda upplýsingar um:

- samtengingarþjónustu sem boðin er,
- lúkningarverð símtala,

- verðeiningar og þá þjónustu sem hver og ein verðeining nær til,
- alla afslætti og viðmið vegna afslátta,
- aðferðir til að reikna út tilboð sem ekki eru á föstu verði,
- samtengipunkta,
- landfræðilegt svæði þar sem þjónusta er veitt,
- allar umtalsverðar takmarkanir á afhendingu,
- öll tæknileg og eðlisræn einkenni, þar með taldir tengifletir sem notaðir eru á samtengipunktum, ásamt þeim stöðlum sem notaðir eru,
- gæðastig,
- umsjón viðskiptavina,
- þagnarskylda milli aðila, leynd gagna, áætlanir og persónuvernd,
- ábyrgðir og greiðsla,
- óviðráðanleg atvik og sérstakar aðstæður,
- öryggi og hleranir,
- samningstími og uppsögn samnings,
- meðferð ágreinings,
- skilmála um sanngjarnar bætur þegar ekki er hægt að veita umsamið gæðastig,
- aðrir almennir samningsbundnir skilmálar og skilyrði.

Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í þessum kafla skal viðmiðunartilboðið vera í samræmi við reglur um viðmiðunartilboð um samtengingu nr. 94/2002.

Ef viðmiðunartilboð Símans er ekki talið fullnægjandi fyrir markaðinn getur PFS mælt fyrir um breytingar á því í samræmi við 2. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga. Síminn má ekki krefja fjarskiptafyrirtæki um bankaábyrgðir nema með sérstöku leyfi PFS.

Til þess að auka traust á heildsöluverðum skal Síminn birta árlega bókhaldsupplýsingar opinberlega um afkomu heildsölu talsímaþjónustu síðast liðins árs í samvinnu við PFS.

Síminn skal tilkynna öðrum fjarskiptafyrirtækjum fyrir fram um breytingar á verði, eigi síðar en tveimur mánuðum áður en breytingarnar koma til framkvæmda. Síminn skal tilkynna um breytingar á samtengisvæðum og samtengipunktum með minnst sex mánaða fyrirvara. Síminn skal tilkynna um aðrar breytingar, fyrir utan verðbreytingar, með minnst þriggja mánaða fyrirvara.

Öllum fjarskiptafyrirtækjum sem gera samninga um samtengingu, þ.m.t. um lúkningu símtala í fastanetum ber að senda PFS afrit af slíkum samningum án tafar og eigi síðar en viku eftir undirritun þeirra, sbr. 6. mgr. 24. gr. fjarskiptalaga.

Síminn er ennfremur skyldugur til þess að tilkynna PFS um allar breytingar á viðkomandi samningum eða viðmiðunartilboði. Breytingar á viðmiðunartilboði taka ekki gildi fyrr en þær

hafa hlotið samþykki PFS. Í þeim upplýsingum sem gefnar eru þarf að koma skýrt fram hvar í samningum eða tilboði breytingar hafa verið gerðar og hvers eðlis þær eru.

3.4. Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað

Með heimild í 31. gr. fjarskiptalaga leggur PFS kvöð á Símann um bókhaldslegan aðskilnað. Slíkur aðskilnaður skal fela í sér, að lágmarki, að annars vegar heildsala og hins vegar smásala fastnetsímasviðs Símans séu bókhaldslega aðskilin frá öðrum rekstri. Heildsöluverð Símans og verð innan fyrirtækisins skal vera gagnsætt, m.a. til að koma í veg fyrir óréttmætar niðurgreiðslur. Reynist bókhaldslegur aðskilnaður Símans ekki fullnægjandi áskilur PFS sér rétt til að leggja síðar fram kröfur um frekari aðskilnað.

Síminn skal aðgreina í bókhaldi sínu tekjur, gjöld, fjármuni og fjármagn fyrir talsímanet sitt. Síminn skal afhenda PFS árlega sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir heildsölu og smásölu ásamt yfirliti yfir skiptingu á óbeinum kostnaði sem ekki er hægt að heimfæra með samanburði við aðra kostnaðarliði. Ofangreind yfirlit þurfa að hafa borist stofnuninni fyrir 1. apríl ár hvert fyrir síðastliðið ár.

3.5. Kvöð um eftirlit með gjaldskrá og kostnaðarbókhald

Með heimild í 32. gr. laga um fjarskipti leggur PFS kvöð á Símann um eftirlit með gjaldskrá og að bjóða lúkningu símtala í fastlínukerfi á verði sem skal byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Síminn skal gera kostnaðarlíkan til útreikninga, eigi síðar en sex mánuðum eftir birtingu ákvörðunar, sem notar sögulegan kostnað til viðmiðunar fyrir gjaldskrá. PFS mun taka mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem rekin er á hagkvæman hátt í samræmi við heimild í fjarskiptalögum. PFS mun meta árlega út frá niðurstöðu kostnaðargreiningar hverju sinni og viðmiðun við verð í öðrum EES-ríkjum hvort hentugra er að styðjast við LRIC aðferð en að byggja á sögulegum kostnaði við ákvörðun gjaldskrár.

Með vísan til þess að samtengigjöld hafa lækkað í helstu viðmiðunarlöndum undanfarin ár meðan samtengigjöld Símans hafa staðið í stað hyggst PFS ekki heimila hækkanir á samtengigjöldum Símans miðað við óbreyttar aðstæður. Símanum er því óheimilt að innheimta hærri gjöld fyrir lúkningu símtala en þau gjöld sem eru í núverandi gjaldskrá, þ.e.a.s. 0,68 kr. fyrir tengingu, 0,44 kr. á mínútu á dagtaxta og 0,26 kr. á mínútu á kvöld-, nætur- og helgartaxta. Að lokinni kostnaðargreiningu sbr. næstu málsgrein hér á undan mun PFS ákveða upphæð gjaldanna að nýju.

PFS leggur kvöð á Símann um kostnaðarbókhald fyrir lúkningu símtala. Síminn skal eigi síðar en sex mánuðum eftir birtingu ákvörðunar um viðkomandi markað afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu varðandi lúkningu símtala í fastaneti og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði. Síminn skal skila til PFS skýrslu frá óháðum endurskoðunaraðila um að samræmi sé milli lýsingar Símans til PFS hvernig kostnaði er skipt og úrfærslu í kostnaðarbókhaldskerfi Símans.

4. Álagning kvaða á Símann hf. á markaði 10

Í samræmi við 27. gr. fjarskiptalaga hefur PFS ákveðið að leggja eftirfarandi kvaðir á Símann hf. vegna útnefningar fyrirtækisins með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir flutning símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 10). Að mati PFS eru þessar kvaðir bæði í samræmi við þau markmið sem fram koma í ramma- og aðgangstilskipunum ESB og ákvæðum laga um fjarskipti og viðeigandi fyrir það tímabil sem gert er ráð fyrir að líði þar til viðkomandi markaður verður greindur aftur. PFS telur að kvaðirnar séu til þess fallnar að auka samkeppni á viðkomandi markaði. Varðandi nánari umfjöllun um kvaðirnar þá vísar PFS til uppfærðrar greiningar á markaði 10, sbr. viðauka A.

Eftirfarandi kvaðir koma í stað þeirra kvaða sem hvíldu á Símanum hf. á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða nr. II í lögum um fjarskipti nr. 81/2003. Þar kom fram að kvaðir varðandi aðgang og samtengingu talsímaneta giltu áfram þar til endurskoðun kvaða færi fram að lokinni markaðsgreiningu samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 81/2003.

4.1. Kvöð um að veita aðgang

Með heimild í 28. gr. fjarskiptalaga leggur PFS þá kvöð á Símann hf. að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um flutning símtala á fastasímaneti og meðfylgjandi reikningagerð ef með þarf. Símanum ber því að verða við sanngjörnum kröfum um reikningagerð gagnvart annað hvort fyrra eða síðara sölustigi (e. cascade billing) í tengslum við flutningsþjónustu, sé þess farið á leit.

Símanum ber að ljúka samningum um flutning símtala án óviðeigandi tafa til þess að draga úr líkum á að atriðum sé slegið vísvitandi á frest í tengslum við samtengibeiðnir. Símanum ber skylda til þess að skjala þann tíma sem samningaviðræður taka, framgang viðræðna og ástæður tafa ef einhverjar eru. Þessi gögn skal hafa fyrirbyggjandi gagnvart viðsemjanda og PFS verði um þau beðið. Sé aðgengi hafnað skal Síminn veita umsækjanda skjalfesta og rökstudda höfnun á beiðni. Rökstuðningurinn verður að innihalda allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að meta grundvöll höfnunarinnar.

Ef Síminn hafnar eða svarar ekki beiðni innan 14 daga þá skal félagið gefa umsækjandanum skriflega og rökstudda ástæðu fyrir höfnuninni eða töfinni. Gerð samtengisamninga um flutnings símtala í fastasímaneti skal í öllum tilvikum vera lokið innan þriggja mánaða frá því að beiðni með tilskildum upplýsingum samkvæmt viðmiðunartilboði berst Símanum.

4.2. Kvöð um jafnræði

Með heimild í 30. gr. laga um fjarskipti leggur PFS kvöð á Símann hf. um jafnræði bæði hvað varðar verð og aðra þætti, bæði gagnvart ytri starfsemi og á milli innri starfsemi og ytri starfsemi. Meðferð upplýsinga sem Síminn öðlast við gerð samninga um lúkningu skal vera í samræmi við 26. gr. fjarskiptalaga.

4.3. Kvöð um gagnsæi

Með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga leggur PFS kvöð á Símann hf. um gagnsæi og að útbúa og birta opinberlega viðmiðunartilboð, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun, verðskrá og bókhaldsupplýsingar fyrir flutning símtala í fastlínukerfi. Viðmiðunartilboð um flutning símtala má fella inn í sama samning og um aðgengi í formi upphafs og lúkningar símtala í fastlínukerfi, sbr. gildandi viðmiðunartilboð um samtengingu.

Það telst fullnægjandi birting að Síminn gefi út viðmiðunartilboð sitt á vefsetri sínu. Viðmiðunartilboðinu skal vera skipt í sjálfstæðar einingar með tilheyrandi skilmálum og skilyrðum, miðað við þarfir markaðarins þannig að gagnaðili neyðist ekki til að samþykkja kaup á þjónustu eða öðrum atriðum sem ekki er þörf fyrir. Viðmiðunartilboðið skal uppfæra eftir því sem þarf og það skal innihalda allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna þeirrar þjónustu sem í boði er. Útgefið viðmiðunartilboð skal að lágmarki innihalda upplýsingar um:

- samtengingarþjónustu sem boðin er,
- flutningsverð símtala,
- verðeiningar og þá þjónustu sem hver og ein verðeining nær til,
- alla afslætti og viðmið vegna afslátta,
- aðferðir til að reikna út tilboð sem ekki eru á föstu verði,
- samtengipunkta,
- landfræðilegt svæði þar sem þjónusta er veitt,
- allar umtalsverðar takmarkanir á afhendingu,
- öll tæknileg og eðlisræn einkenni, þar með taldir tengifletir sem notaðir eru á samtengipunktum, ásamt þeim stöðlum sem notaðir eru,
- gæðastig,
- umsjón viðskiptavina,
- þagnarskylda milli aðila, leynd gagna, áætlanir og persónuvernd,
- ábyrgðir og greiðsla,
- óviðráðanleg atvik og sérstakar aðstæður,
- öryggi og hleranir,
- samningstími og uppsögn samnings,
- meðferð ágreinings,
- skilmála um sanngjarnar bætur þegar ekki er hægt að veita umsamið gæðastig,
- aðrir almennir samningsbundnir skilmálar og skilyrði.

Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í þessum kafla skal viðmiðunartilboðið vera í samræmi við reglur um viðmiðunartilboð um samtengingu nr. 94/2002.

Ef viðmiðunartilboð Símans er ekki talið fullnægjandi fyrir markaðinn getur PFS mælt fyrir um breytingar á því í samræmi við 2. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga. Síminn má ekki krefja fjarskiptafyrirtæki um bankaábyrgðir nema með sérstöku leyfi PFS.

Til þess að auka traust á heildsöluverðum skal Síminn birta árlega bókhaldsupplýsingar opinberlega um afkomu heildsölu talsímaþjónustu síðast liðins árs í samvinnu við PFS.

Síminn skal tilkynna öðrum fjarskiptafyrirtækjum fyrir fram um breytingar á verði, eigi síðar en tveimur mánuðum áður en breytingarnar koma til framkvæmda. Síminn skal tilkynna um breytingar á samtengisvæðum og samtengipunktum með minnst sex mánaða fyrirvara. Síminn skal tilkynna um aðrar breytingar, fyrir utan verðbreytingar, með minnst þriggja mánaða fyrirvara.

Öllum fjarskiptafyrirtækjum sem gera samninga um samtengingu, þ.m.t. um flutning símtala í fastanetum ber að senda PFS afrit af slíkum samningum án tafar og eigi síðar en viku eftir undirritun þeirra, sbr. 6. mgr. 24. gr. fjarskiptalaga.

Síminn er ennfremur skyldugur til þess að tilkynna PFS um allar breytingar á viðkomandi samningum eða viðmiðunartilboði. Breytingar á viðmiðunartilboði taka ekki gildi fyrr en þær hafa hlotið samþykki PFS. Í þeim upplýsingum sem gefnar eru þarf að koma skýrt fram hvar í samningum eða tilboði breytingar hafa verið gerðar og hvers eðlis þær eru.

4.4. Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað

Með heimild í 31. gr. fjarskiptalaga leggur PFS kvöð á Símann um bókhaldslegan aðskilnað. Slíkur aðskilnaður skal fela í sér, að lágmarki, að annars vegar heildsala og hins vegar smásala fastnetsímasviðs Símans séu bókhaldslega aðskilin frá öðrum rekstri. Heildsöluverð Símans og verð innan fyrirtækisins skal vera gagnsætt, m.a. til að koma í veg fyrir óréttmætar niðurgreiðslur. Reynist bókhaldslegur aðskilnaður Símans ekki fullnægjandi áskilur PFS sér rétt til að leggja síðar fram kröfur um frekari aðskilnað.

Síminn skal aðgreina í bókhaldi sínu tekjur, gjöld, fjármuni og fjármagn fyrir talsímanet sitt. Síminn skal afhenda PFS árlega sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir heildsölu og smásölu ásamt yfirliti yfir skiptingu á óbeinum kostnaði sem ekki er hægt að heimfæra með samanburði við aðra kostnaðarliði. Ofangreind yfirlit þurfa að hafa borist stofnuninni fyrir 1. apríl ár hvert fyrir síðastliðið ár.

4.5. Kvöð um eftirlit með gjaldskrá og kostnaðarbókhald

Með heimild í 32. gr. laga um fjarskipti leggur PFS kvöð á Símann um eftirlit með gjaldskrá og að bjóða flutning símtala í fastlínukerfi á verði sem skal byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Síminn skal gera kostnaðarlíkan til útreikninga, eigi síðar en sex mánuðum eftir birtingu ákvörðunar, sem notar sögulegan kostnað til viðmiðunar fyrir gjaldskrá. PFS mun taka mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem rekin er á hagkvæman hátt í samræmi við heimild í fjarskiptalögum. PFS mun meta árlega út frá niðurstöðu kostnaðargreiningar hverju sinni og viðmiðun við verð í öðrum EES-ríkjum hvort hentugra er að styðjast við LRIC aðferð en að byggja á sögulegum kostnaði við ákvörðun gjaldskrár.

Með vísan til þess að samtengigjöld hafa lækkað í helstu viðmiðunarlöndum undanfarin ár meðan samtengigjöld Símans hafa staðið í stað hyggst PFS ekki heimila hækkanir á samtengigjöldum Símans miðað við óbreyttar aðstæður. Símanum er því óheimilt að innheimta hærri gjöld fyrir flutning símtala en þau gjöld sem eru í núverandi gjaldskrá, þ.e.a.s. 0,15 kr. fyrir tengingu, 0,30 kr. á mínútu á dagtaxta og 0,15 kr. á mínútu á kvöld-, nætur- og helgartaxta. Að lokinni kostnaðargreiningu sbr. næstu málsgrein hér á undan mun PFS ákveða upphæð gjaldanna að nýju.

PFS leggur kvöð á Símann um kostnaðarbókhald fyrir flutning símtala. Síminn skal eigi síðar en sex mánuðum eftir birtingu ákvörðunar um viðkomandi markað afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu varðandi flutning símtala í fastaneti og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði. Síminn skal skila til PFS skýrslu frá óháðum endurskoðunaraðila um að samræmi sé milli lýsingar Símans til PFS hvernig kostnaði er skipt og úrfærslu í kostnaðarbókhaldskerfi Símans.

5. Álagning kvaða á Og fjarskipti ehf. (Vodafone) á markaði 9

Í samræmi við 27. gr. fjarskiptalaga hefur PFS ákveðið að leggja eftirfarandi kvaðir á Og fjarskipti ehf. vegna útnefningar fyrirtækisins með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 9). Að mati PFS eru þessar kvaðir bæði í samræmi við þau markmið sem fram koma í ramma- og aðgangstilskipunum ESB og ákvæðum laga um fjarskipti og viðeigandi fyrir það tímabil sem gert er ráð fyrir að líði þar til viðkomandi markaður verður greindur aftur. PFS telur að kvaðirnar séu til þess fallnar að auka samkeppni á viðkomandi markaði. Varðandi nánari umfjöllun um kvaðirnar þá vísar PFS til uppfærðrar greiningar á markaði 9, sbr. viðauka A.

5.1. Kvöð um að veita aðgang

Með heimild í 28. gr. fjarskiptalaga leggur PFS þá kvöð á Og fjarskipti ehf. að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um lúkningu í fastasímaneti félagsins á heildsölustigi og aðgangi að þjónustubáttum sem tengjast lúkningu. Og fjarskiptum ehf. ber að ljúka samningum um lúkningu símtala án óviðeigandi tafa til þess að draga úr líkum á að atriðum sé slegið vísitandi á frest í tengslum við samtengibeirni. Og fjarskipti skal ljúka gerð samtengisamninga í fastlínukerfi eigi síðar en þremur mánuðum frá því að beðið var um þá. Sé aðgengi hafnað skal félagið veita umsækjanda skjalfesta og rökstudda höfnun beiðni. Rökstuðningurinn verður að innihalda allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að meta grundvöll höfnunarinnar.

5.2. Kvöð um jafnræði

Með heimild í 30. gr. laga um fjarskipti leggur PFS kvöð á Og fjarskipti ehf. um jafnræði bæði hvað varðar verð og aðra þætti, bæði gagnvart ytri starfsemi og á milli innri starfsemi og ytri starfsemi. Miðlun upplýsinga frá viðkomandi deild skal vera með sambærilegum hætti til

óskyldra aðila og til annarra deilda fyrirtækisins eða tengdra aðila. Meðferð upplýsinga sem Síminn öðlast við gerð samninga um lúkningu skal vera í samræmi við 26. gr. fjarskiptalaga.

5.3. Kvöð um gagnsæi

Með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga leggur PFS kvöð á Og fjarskipti ehf. um gagnsæi með því að útbúa og birta opinberlega verðskrá þar sem fram koma öll verð fyrir lúkningu símtala í fastlínukerfi og þjónustuþætti sem þeim tengjast. Verðskráin skal birt á vefsetri þjónustuveitandans ásamt öllum viðmiðum fyrir verð. Með viðmiðum fyrir verð er átt við þætti eins og mælieiningar sem gjaldtaka grundvallast á, t.d. mínútur, fjöldi símtala og burðargeta strauma. Einnig þarf að gera grein fyrir gjaldtímabilum, afsláttarmöguleikum ef einhverjir eru og öðrum atriðum sem áhrif hafa á gjaldtöku. Að auki skal félagið birta upplýsingar um staðsetningu og tæknilega eiginleika samtengipunkta.

Og fjarskipti skal tilkynna öðrum fyrirtækjum fyrir fram um breytingar á verði, eigi síðar en tveimur mánuðum áður en breytingarnar koma til framkvæmda. Þá skal félagið tilkynna um breytingar á samtengisvæðum og samtengipunktum með minnst sex mánaða fyrirvara og tilkynna um aðrar breytingar, fyrir utan verðbreytingar, með minnst þriggja mánaða fyrirvara.

Og fjarskipti skal árlega birta opinberlega bókhaldsupplýsingar um afkomu heildsölu talsímabjónustu síðastliðins árs í samvinnu við PFS, sbr. 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga.

Og fjarskipti skal senda PFS afrit af öllum samningum um samtengingu, þ.m.t. lúkningu í fastanetum, án tafar og eigi síðar en viku eftir undirritun þeirra, sbr. 6. mgr. 24. gr. fjarskiptalaga.

Og fjarskipti skal ennfremur tilkynna PFS um allar breytingar á samtengisamningum, verðskráum eða almennum skilmálum samtenginga. Breytingar á verðskráum og almennum skilmálum taka ekki gildi fyrr en þær hafa hlotið samþykki PFS. Í þeim upplýsingum sem gefnar eru þarf að koma skýrt fram hvar breytingar hafa verið gerðar og hvers eðlis þær eru.

5.4. Kvöð um eftirlit með gjaldskrá

Með heimild í 32. gr. laga um fjarskipti leggur PFS kvöð á Og fjarskipti um eftirlit með gjaldskrá þannig að félagið bjóði lúkningargjöld á sanngjörnu verði. Verðskrá Og fjarskipta skal miðast við verðskrá Símans, þannig að lúkningarverð skulu aldrei vera hærri en lúkningarverð Símans en þau mega vera lægri. Og fjarskipti fær fjögurra ára aðlögunartímabil til að lækka lúkningargjöld sín niður á sambærilegt stig og hjá Símanum. Lúkningarverð Og fjarskipta skal að lágmarki lækka árlega í fjórum jöfnum þrepum frá birtingu ákvörðunar í samræmi við neðangreinda töflu:

	Dagtaxti kr./mínútu	KNH taxti kr./mínútu	Tengigjald kr./tengingu
Verð Símans frá birtingu ákvörðunar	0,44	0,26	0,68
Verð Vodafone frá birtingu ákvörðunar	0,66	0,44	0,99
Verð Vodafone eftir 1 ár frá birtingu ákvörðunar	0,61	0,40	0,91
Verð Vodafone eftir 2 ár frá birtingu ákvörðunar	0,55	0,35	0,84
Verð Vodafone eftir 3 ár frá birtingu ákvörðunar	0,50	0,31	0,76
Verð Vodafone eftir 4 ár frá birtingu ákvörðunar	0,44	0,26	0,68

PFS lítur svo á að fjögurra ára aðlögunartímabil sé eðlilegt með tilliti til aðstæðna á viðkomandi heildsölumarkaði og talsímamörkuðum í heild. Sérstaklega er horft til þess að samkeppni við Símann á viðkomandi markaði hefur ekki gengið vel. Markaðurinn hefur einkennst af sameiningum smærri aðila og nú er svo komið að aðeins einn aðili er keppinautur Símans eftir að IP-fjarskipti hætti rekstri á þessum markaði fyrr á þessu ári vegna óviðunandi arðsemi. Smæð íslenska fjarskiptamarkaðarins gerir fyrirtækjum erfiðara fyrir að ná stærðarhagkvæmni í rekstri sínum. Markaðshlutdeild Símans hefur ekki minnkað að ráði undanfarin ár og ekki verður séð að breyting verði á að óbreyttu. Ákvörðunin er verulega íþyngjandi fyrir Vodafone og er þetta í fyrsta skipti sem PFS leggur kvaðir á Vodafone, forvera þess, eða aðra aðila sem starfað hafa á viðkomandi markaði í samkeppni við Símann. Útbreiðsla neta Vodafone er lítil miðað við Símann, en Vodafone rekur 13 símsstöðvar miðað við 230 innan Símans. Vodafone á því töluverða uppbyggingu fyrir höndum og hefur lýst yfir áformum um frekari uppbyggingu símsstöðva á landsbyggðinni. Því telur PFS eðlilegt að veita fyrirtækinu ráðrúm til frekari uppbyggingar og hagræðingar. Með hliðsjón að ofangreindu verður að telja það ósanngjarnt að gera ráð fyrir skemmri aðlögunartíma en fjórum árum í tilviki Vodafone. Einnig gefur þessi aðlögunartími fyrirheit til nýrra aðila sem mögulega koma inn á markaðinn að þeir fái um stund að hafa lúkningarverð sín hærri en þau verð sem PFS gerir annars kröfu um. Ekki er útilokað að nýstofnaður aðili fengi lengri aðlögunartíma en þau fjögur ár sem lögð eru á Vodafone.

Ef kostnaðargreining verður gerð síðar á verðum Símans og niðurstöður hennar leiða til breytinga á verðum Símans, hvort heldur er til hækkunar eða lækkunar, munu verð Og fjarskipta fylgja þeim breytingum.

6. Gildistaka ákvörðunar og kæruleið

Þessi ákvörðun tekur gildi frá þeim degi sem hún er birt og verður í gildi þar til annað er ákveðið af Póst og fjarskiptastofnun.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 4. desember 2008.

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar H. Ragnarsson

Meðfylgjandi:

Viðauki A – greining á mörkuðum 8, 9 og 10

Viðauki B – athugasemdir hagsmunaaðila og niðurstöður úr báðum umferðum samráðs vegna greiningar á mörkuðum 8, 9 og 10

Viðauki C – álit ESA

Viðauki D – Skýringar varðandi útfærslu kvaðar um eftirlit með gjaldskrá á markaði 9

Afrit til:

Samkeppniseftirlitið

ESA